



Ómar Þröstur Björgólfsson  
Lyngási 12  
700Egilsstaðir

Reykjavík 19. febrúar 2015  
UST201502-254

### Tillaga að deiliskipulagi á svæði við Hátungur, Vatnajökulspjóðgarði


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði við Hátungur innan Vatnajökulspjóðgarði. Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið deiliskipulagsins er að bæta aðstöðu landvarða og ferðamanna á svæðinu.


Skipulagssvæðið er staðsett milli skriðjöklanna Brúarjökuls og Eyjabakkajökuls við Hátungur innan Vatnajökulspjóðgarðs. Í greinargerð kemur fram að ofangreint svæði er í verndunarflokki II innan Vatnajökulspjóðgarðs. Einnig kemur fram að deiliskipulagstillagan muni miða að aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu en jafnframt að því að sem minnst rask verði á náttúrunni vegna hennar.

Umhverfisstofnun telur að í greinargerð og umhverfisskýrslu séu gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem verði fyrir áhrifum áætlaðra framkvæmda og gerir stofnunin ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Stofnunin vekur athygli á því að kortið sem stuðst er við í tillögunni er í eldri kantinum, og koma breytingar eins og Háslón ekki fram á því.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur